

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um fjármál hins opinbera.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hafa eftirfarandi þættir í fjármálum hins opinbera þróast á tímabilinu 1991–2003, sundurliðað eftir árum:

- a. áætluð útgjöld ríkisins í samþykktum fjárlögum,*
- b. upphæð samþykkttra fjáraukalaga,*
- c. niðurstöðutala ríkisreiknings,*
- d. áætlaðar tekjur ríkisins í samþykktum fjárlögum,*
- e. andvirði seldra ríkiseigna,*
- f. útgjöld ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,*
- g. útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,*
- h. afkoma ríkissjóðs?*

Meðfylgjandi tafla er unnin úr þingskjölum, ríkisreikningi og af vef Hagstofu Íslands. Vakin er athygli á að tölur um útgjöld ríkisins í fjárlögum og fjáraukalögum sem og tölur um tekjur ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum voru á greiðslugrunni árin 1991–1997, en á rekstrargrunni 1998–2003, auk þess sem framsetningu ríkisfjármála var breytt í veigamiklum atriðum frá og með árinu 1998. Framsetningu ríkisreiknings var einnig breytt frá og með árinu 1998. Upplýsingar um andvirði seldra ríkiseigna sýna tekjufært andvirði vegna sölu fasteigna, jarða og lóða auk eignarhluta í fyrirtækjum. Upplýsingar um útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, sem og útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru samkvæmt samræmdri framsetningu þjóðhagsreikningsuppgjör. Þjóðhagsuppgjör er talsvert ólíkt uppgjöri ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi og fjárlögum og munar þar mest um að tekjur af eignasölu hafa ekki áhrif á tekjuafgang og í stað þess að gjaldfæra fjárfestingu er hún eignfærð og afskrifuð, þá eru lífeyrisskuldbindingar færðar með öðrum hætti. Athygli er vakin á því að samanburður á fjárlögum og fjáraukalögum annars vegar og ríkisreikningi hins vegar er varasamur þar sem talsvert hefur verið fært til gjalda í ríkisreikningi undanfarin ár vegna afskrifta skattkrafna, auk þess sem gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar hafa sveiflast mjög á milli ára.

	Útgjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum	Útgjöld ríkissjóðs skv. fjár- aukalögum	Útgjöld ríkissjóðs skv. ríkisreikningi hvers árs	Tekjur ríkissjóðs skv. fjárlögum hvers árs	Tekjufært andvirði seldra ríkiseigna skv. ríkisreikningi	Útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga sem hlutfall af landsframleiðslu*			Tekjuafgangur ríkissjóðs í millj. kr. sem hlutfall af landsframleiðslu	
						Opinbera	Ríkið	Sveitarfélög	Tekjuafgangur	Hlutfall af VLF
1991	105.767,4	6.483,0	112.487,0	101.698,0	382,9	39,9	32,7	7,7	-11.187	-2,8
1992	109.574,7	3.524,0	110.607,0	105.463,0	333,0	40,4	32,7	8,3	-9.563	-2,4
1993	111.015,0	4.647,0	112.863,0	104.771,0	50,0	40,3	32,1	8,6	-13.781	-3,3
1994	113.781,6	6.024,0	116.896,0	104.146,0	139,0	39,9	31,5	8,8	-13.440	-3,1
1995	119.528,3	5.909,0	123.344,0	112.092,0	155,0	39,1	31,6	8,0	-11.560	-2,6
1996	124.816,1	16.355,0	139.730,0	120.865,0	253,0	38,5	31,3	8,3	-7.339	-1,5
1997	126.099,7	7.530,0	130.753,0	126.224,0	631,0	37,9	28,9	10,0	2.748	0,5
1998	165.677,3	14.716,0	189.636,0	165.810,0	2.741,0	38,3	28,9	10,3	6.152	1,1
1999	182.375,9	10.463,9	199.002,0	184.817,0	11.140,0	39,4	30,1	10,5	15.595	2,6
2000	193.158,7	8.240,7	229.001,0	209.900,0	635,0	39,1	29,5	10,7	16.948	2,6
2001	219.164,4	14.957,1	228.713,0	253.063,1	1.065,0	40,2	29,9	11,4	4.557	0,6
2002	239.370,4	11.920,5	267.332,0	257.900,0	11.722,0	42,1	30,8	12,0	-3.467	-0,4
2003	260.142,1	17.279,9	-	271.600,0	-	-	-	-	-	-

*Heimild: Hagstofan